

KVIKA BANKI HF.
SAMÞYKKTIR
ARTICLES OF ASSOCIATION

1. HEITI FÉLAGSINS, HEIMILI OG TILGANGUR
COMPANY NAME, DOMICILE AND OBJECT

1.1. Heiti félagsins er Kvika banki hf.

The name of the Company is Kvika banki hf.

1.2. Félagið er hlutafélag.

The Company is a public limited liability company.

1.3. Heimili félagsins er í Reykjavík.

The domicile of the Company is in Reykjavik.

1.4. Tilgangur félagsins er að veita fjármálaþjónustu. Félaginu er heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem fjármálafyrirtækjum er heimil samkvæmt lögum og starfsleyfi félagsins og eðlilega starfsemi í tengslum við hana. Félaginu er heimilt að ná tilgangi sínum með stofnun og rekstri dótturfélaga og með annarri þátttöku og eignaraðild í félögum, sem samrýmist rekstri þess.

The purpose of the Company is to provide financial services. The Company is authorised to engage in those operations that financial undertakings are permitted to carry out in accordance with law and the Company's operating license as well as normal operations in relation thereto. The Company is authorised to achieve its objectives through establishment and operation of subsidiaries as well as other participation and ownership of companies, compatible to its operations.

2. HLUTAFÉ FÉLAGSINS
SHARE CAPITAL OF THE COMPANY

2.1. Heildarhlutafé félagsins er kr. 4.907.394.936. Engar hömlur eru settar við ráðstöfun hluthafa á hlutabréfum í félaginu.

The total share capital of the Company is ISK 4,907,394,936. There are no restrictions on shareholders' rights to dispose of their shares in the Company.

2.2. Félaginu er óheimilt að taka hluti í félaginu að veði.

The Company is not authorised to accept shares in the Company as security.

2.3. Hver hlutur er að fjárhæð ein króna (1. kr.) að nafnverði. Einn flokkur hlutafjár er í félaginu og allir útgefnir hlutir njóta sömu réttinda.

Each share in the Company corresponds to one Icelandic króna (ISK 1) in nominal value. The Company's share capital consists of one class of shares and each issued share carries equal rights.

2.4. Sé ekki kveðið á um annað í samþykktum þessum, þ.m.t. bráðabirgðaákvæðum þeirra, skulu hluthafar hafa forgangsrétt að öllum aukningarhlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína, en að öðru leyti fer um útgáfu slíkra hluta eftir þeim skilmálum, sem stjórn félagsins setur í samræmi við ákvörðun hluthafafundar hverju sinni.

Unless otherwise provided for in these Articles of Association, including its Temporary provisions, shareholders shall have pre-emptive rights to all increases in share capital in

equal proportion to their registered holding in the Company. In other respects the issue of such shares shall be governed by terms established by the Board in accordance with the resolution of a shareholders' meeting from time to time.

- 2.5. Hlutir félagsins eru skráðir rafrænt í verðbréfamiðstöð, sem starfar samkvæmt lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Yfirlit verðbréfamiðstöðvar um eigendur hluta í félaginu er fullgild hlutaskrá þess og skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Hvers konar tilkynningar til hluthafa skal senda til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.

The shares in the Company are registered electronically in a Securities Depository which operates pursuant to Act No. 7/2020, on Central Securities Depositories, Settlement and Electronic Registration of Financial Instruments. A statement from the Securities Depository concerning title to shares in the Company constitutes an adequate share register and is valid proof of title to shares in the Company. Any notices to shareholders shall be sent to the party registered at the time as the owner of the share in question in the Company's Register of Shares.

- 2.6. Hver hluthafi er skyldur til að lúta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú, eða þeim kann síðar að verða breytt á lögmætan hátt.

Each shareholder is obligated to abide by the Articles of Association of the Company in their current form or as lawfully amended from time to time.

- 2.7. Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu, nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum löggerningi. Þessu ákvæði verður ekki breytt nema með samþykki allra hluthafa.

Shareholders shall not be liable for the commitments of the Company beyond their share in the Company unless they undertake such liability by a separate legal instrument. This provision cannot be amended unless unanimously approved by all shareholders.

- 2.8. Hluthafar verða ekki skyldaðir til að auka hlutafjáreign sína í félaginu og eigi heldur til að sæta innlausn á hlutum sínum, nema lög bjóði.

Shareholders are not obligated to increase their shareholdings in the company or to accept their shares being redeemed, except as provided by law.

- 2.9. Engar hömlur eru lagðar á meðferð hluta í félaginu. Meðferð virkra eignarhluta sætir takmörkunum samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Hluti í félaginu má framselja og veðsetja nema annað leiði af lögum. Um skrásetningu veðréttinda, eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer samkvæmt löggjöf um rafræna eignarskráningu verðbréfa, eins og hún er á hverjum tíma.

No restrictions are placed on transactions with shares in the Company. Qualifying holdings are subject to limitations under the Act on Financial Undertakings. Shares in the Company may be assigned or pledged unless otherwise provided by law. Registration of lien and change in ownership and their implementation are subject to applicable legislation on electronic registration of title to securities.

3. HLUTHAFAFUNDIR SHAREHOLDERS' MEETINGS

- 3.1. Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

The supreme authority in all the affairs of the Company, within the limits established by its Articles of Association and law, is in the hands of lawful shareholders' meetings.

- 3.2. Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl mánaðar ár hvert.

The Annual General Meeting of the Company shall be held before the end of the month of April each year.

- 3.3. Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

- 1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi síðastliðið starfsár.
- 2) Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram til samþykktar. Samhliða afgreiðslu ársreiknings skal ákveða hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
- 3) Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins.
- 4) Starfskjarastefna félagsins.
- 5) Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna.
- 6) Önnur mál.

The agenda of the Annual General Meeting shall include the following items of business:

- 1) *The report of the Board of Directors on the activities of the Company in the preceding year of operation.*
- 2) *The annual financial statement of the Company shall be submitted for approval. Concurrently with discussion of the annual financial statement, a decision shall be made concerning the disposal of the profit or loss of the Company during the fiscal year.*
- 3) *Election of members and alternate members to the Board of Directors of the Company.*
- 4) *The Company's remuneration policy.*
- 5) *Decision on the remuneration of the Board of Directors.*
- 6) *Other matters.*

- 3.4. Stjórn félagsins skal boða til hluthafafundar þegar hún telur þess þörf, samkvæmt ályktun hluthafafundar, þegar kjörnir endurskoðendur krefjast þess eða þegar hluthafar, sem ráða minnst 1/20 hlutafjárins, krefjast þess skriflega með tilvísun í fundarefni. Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin skal stjórninni skylt að boða til fundar innan 14 daga frá því er henni barst krafan.

A shareholders' meeting shall be convened by the Board of Directors at the discretion of the Board, by a resolution of a shareholders' meeting, or if the elected Auditor or shareholders holding a minimum of 1/20 of the shares of the Company request a meeting in writing, stating the business of the meeting. When a valid request for a meeting has emerged, the Board of Directors must convene a meeting within fourteen days from receiving the request.

- 3.5. Til hluthafafunda skal boðað með rafrænum hætti til að tryggja skjótan aðgang að upplýsingum á jafnréttisgrundvelli. Skylt er að nota trausta miðla er tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings á Evrópska efnahagssvæðinu.

Hluthafafundir skulu boðaðir með minnst þriggja vikna fyrirvara og lengst fjórum vikum fyrir fund.

Heimilt er að halda hluthafafundi félagsins annars staðar en á heimili félagsins, sbr. einnig gr. 3.10.

Shareholder meetings shall be convened electronically to ensure prompt and non-discriminatory access to information. Reliable media shall be used to ensure effective dissemination of information to the general public in the European Economic Area.

Shareholders' meetings shall be convened with at least three weeks' notice and no more than four weeks' notice.

A meeting of the Company's shareholders may be held at a location other than the Company's head office, cf. also Art. 3.10.

- 3.6. Í þrjár vikur (21 dag) fyrir hluthafafund og á fundardegi skulu eftirfarandi upplýsingar vera aðgengilegar hluthöfum á vefsíðu félagsins: Fundarboð, heildarfjöldi hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, skjöl sem verða lögð fyrir hluthafafund, ályktunartillögur og athugasemdir frá stjórn félagsins eða nefndum hennar, eftir því sem við á, varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá hluthafafundar.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á þegar boðuðum hluthafafundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, þó í síðasta lagi 10 dögum fyrir fundinn. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Upplýsingar um kröfuna skal birta á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir fundinn, auk tillögunnar og eftir atvikum endurskoðaðrar dagskrár fundarins.

Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn.

Three weeks (21 days) prior to the shareholders' meeting and on the date of the meeting the following information shall be accessible to shareholders on the Company's website: the meeting announcement, the total number of shares and votes as of the date the meeting was announced, documents to be presented to the shareholders' meeting, motions and/or explanatory notes from the Company's Board of Directors or its committees, as the case maybe, regarding each item on the draft agenda for the shareholders' meeting.

Each shareholder is entitled to have a specific matter submitted to a convened shareholders' meeting, if he makes a written or electronic request for such to the Board of Directors with sufficient notice to allow the matter to be placed on the agenda of the meeting, however, no later than 10 days prior to the meeting. The request must be accompanied by grounds for the same or a draft resolution for the Board of Directors. Information on such request must be published on the Company's website no later than three days prior to the meeting together with the proposal and, as the case may be, the revised meeting agenda.

Matters which are not included in the agenda of a shareholders' meeting shall not be subjected to a final decision except with the consent of all shareholders in the Company; however a resolution thereon may be passed for the guidance of the Company's Board of Directors.

- 3.7. Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmati fundarins samkvæmt samþykktum þessum, þ.á m. form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur. Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðarbók. Í fundargerðarbók skal láta skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðarbók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok, sé þess óskað, og skrá þar athugasemdir ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðarbók.

Shareholders' meetings shall be presided over by a chairman elected at the meeting. The chairman shall resolve all issues relating to the lawfulness of the meeting pursuant to these Articles of Association, decide the form of discussion, how matters before the meeting are processed and voting procedures. The chairman of the meeting shall preside over the election of a secretary of the meeting who shall keep minutes from the meeting. The decisions of shareholders' meeting and the results of voting shall be entered in the minutes. A list of the shareholders present and their proxies shall be entered in the minutes or accompany the minutes. The minutes shall be read out before the end of the meeting, if requested, and comments recorded if any. The chairman and the secretary shall sign the minutes.

- 3.8. Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutfé. Á hluthafafundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

Hluthöfum skal gefast kostur á að greiða atkvæði annað hvort skriflega eða rafrænt um mál sem eru á dagskrá hluthafafundar. Í fundarboði skal koma fram hvernig atkvæðagreiðslan skuli framkvæmd.

At shareholders' meetings, each króna of share capital shall carry one vote. Decisions at shareholders' meetings shall be made by a simple majority vote unless otherwise provided in these Articles or statutory law. Proposals are dismissed if they receive equal votes.

Shareholders shall have an opportunity to cast their votes either by written ballot or electronically on issues on the agenda of the shareholders' meeting. The meeting announcement must state how voting is to be carried out.

- 3.9. Rétt til setu á hluthafafundum hafa auk hluthafa og umboðsmanna þeirra, endurskoðandi og forstjóri félagsins (framkvæmdastjóri í skilningi laga um hlutfélög nr. 2/1995 og laga um fjármálafyrirtæki 161/2002). Hafa þeir þar fullt málfrelsi og tillögurétt. Einnig getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum ef leita þyrfti álits þeirra eða aðstoðar. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum. Hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Sæki umboðsmaður hluthafafund fyrir hluthafa skal hann leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð má hvenær sem er afturkalla.

In addition to shareholders and their proxies, the Auditor and Chief Executive Officer ("CEO") (Managing Director as per the Act on Public Limited Liability Companies No. 2/1995 and Act on Financial Undertakings No. 161/2002) have the right to attend shareholders' meetings. They shall have unrestricted right to speak and submit motions at the meeting. The Board of Directors may also invite experts to attend individual meetings if their opinion or assistance is needed. A shareholder is authorised to attend a meeting along with an advisor. An advisor has neither the right to submit proposals nor to vote at shareholders' meetings. A shareholder is authorised to let his advisor speak on his behalf. A proxy attending a shareholders' meeting on behalf of a shareholder shall submit a written and dated letter of proxy. A letter of proxy may be withdrawn at any time.

- 3.10. Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt, hvort heldur í heild eða að hluta, enda sé tækni sú sem nýtt er til fundarins að mati stjórnar örugg og fullnægir kröfum hlutfélagalaga. Ákvörðunar um að hluthafafundur skuli haldinn rafrænt skal getið í fundarboði. Þar skulu einnig koma fram upplýsingar um nauðsynlegan tæknibúnað sem hluthafar þurfa til þess að geta tekið þátt í fundinum, upplýsingar um hvernig hluthafar tilkynni þátttöku sína, upplýsingar um hvernig atkvæðagreiðsla fer fram

og hvar hluthafar nálgast leiðbeiningar um fjarskiptabúnað, aðgangsorð til þátttöku á fundinum og aðrar upplýsingar sem átt geta við. Sé hluthafafundur haldinn með rafrænum hætti að einhverju eða öllu leyti, skal innslegið aðgangsorð í hinn tilgreinda fjarskiptabúnað jafngilda undirritun viðkomandi hluthafa og telst það staðfesting á þátttöku hans á hluthafafundinum.

The Board of Directors may decide to hold a shareholders' meeting exclusively by electronic means, either in full or in part, provided the technology to be used for the meeting is secure, in the Board's estimation, and fulfils the requirements of the Public Limited Companies Act. A decision to hold a shareholders' meeting by electronic means shall be stated in the meeting announcement. This shall also provide information on the necessary technical equipment which shareholders require to participate in the meeting, information as to how shareholders are to give notice of their participation, information as to how voting will take place and where shareholders can obtain instructions on telecommunications equipment, passwords for access to the meeting and other relevant information. If a shareholders' meeting is held in part or in full by electronic means a password entered in the specified telecommunications equipment shall be equivalent to the signature of the respective shareholder and shall be considered confirmation of participation in the shareholders' meeting.

4. STJÓRN FÉLAGSINS **THE BOARD OF DIRECTORS OF THE COMPANY**

- 4.1. Aðalfundur kýs árlega fimm aðalmenn í stjórn félagsins og tvo til vara. Um hæfi þeirra fer að lögum.

At the Annual General Meeting, five members and two alternate members shall be elected to the Board of Directors. The eligibility of members of the Board shall be subject to statutory law.

- 4.2. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

The Board of Directors constitutes the supreme authority in the affairs of the Company between shareholders' meetings. The Board of Directors shall implement rules of procedures wherein further stipulations concerning the execution of the Board's functions are set forth.

- 4.3. Meirihluti stjórnarmanna ritar firma félagsins. Stjórn veitir prókúruumboð fyrir félagið.

The majority of the Board members have the authority to legally bind the Company. The Board grants power of procuration for the Company.

- 4.4. Stjórnarkjör fer fram sem meirihlutakosning milli einstaklinga. Ef hluthafar félagsins eru fleiri en 200 þá geta hluthafar, er ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, gert kröfu um að beitt verði hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins. Ef hluthafar félagsins eru færri en 200 þá geta hluthafar, er ráða yfir minnst 1/5 hlutafjárins, krafist þess að beitt verði hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna. Kosning stjórnar skal að jafnaði vera skrifleg ef fleiri einstaklingar eru í framboði heldur en kjósa skal í stjórn. Krafa um hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund.

The election of Board members shall be based on a majority vote between individuals. If the Company's shareholders are more than 200, shareholders controlling at least 1/10 of the share capital can request that the voting of Board members be proportional or cumulative. If the shareholders are fewer than 200, shareholders who control 1/5 of the share capital can request that the voting of Board members be proportional or cumulative. The election shall usually be written if the number of candidates is greater than the number of Board members to be elected. A claim for proportional or cumulative voting shall be presented to the Board of Directors of the Company at least five days prior to a shareholders' meeting.

- 4.5. Það er stefna félagsins við stjórnarkjör að samsetning stjórnar félagsins sé með þeim hætti að stjórnin búi sameiginlega yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að skilja þá starfsemi sem félagið stundar, þ.m.t. helstu áhættuþætti. Hlutfall hvors kyns í stjórn og meðal varamanna skal ekki vera lægra en 40%. Þær tvær konur og tveir karlar sem fá flest atkvæði og sá aðili sem fær flest atkvæði næst á eftir áðurgreindum aðilum í kosningu til stjórnar félagsins skulu teljast réttkjörin sem stjórnarmenn félagsins. Sú kona og sá karl sem fá flest atkvæði næst á eftir áðurgreindum aðilum í kosningu til varastjórnar félagsins skulu teljast réttkjörin sem varastjórnarmenn félagsins. Náist ekki nægilegur fjöldi fulltrúa af hvoru kyni til að ná framangreindu hlutfalli skal innan þriggja mánaða boða til annars hluthafafundar til að kjósa félaginu stjórn.

It is the Company's policy concerning election of the Board of Directors that the Board collectively has sufficient knowledge, competency and experience to understand the Company's operations, including the main risk factors. The ratio of each gender of members of the Board and alternate members shall be at least 40%. The two female candidates and the two male candidates who receive the most votes and the person who receives the most votes after the aforementioned candidates in the election of Board members shall be deemed as the rightfully elected Board members. The female candidate and the male candidate who receive the most votes after the aforementioned candidates in the election of alternate members shall be deemed as the rightfully elected alternate members of the Board. Should the aforementioned gender ratio not be reached, another shareholders' meeting shall be convened within three months for the purposes of electing a Board of Directors for the Company.

- 4.6. Tilkynna skal skriflega skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund, þar sem kjósa á stjórn, um framboð til stjórnar félagsins. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal geta, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsinga um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Upplýsingar um frambjóðendur skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

The notice declaring candidacy for the Board of Directors shall be submitted in writing no later than five days before the shareholders' meeting where members of the Board are to be elected. The notice declaring candidacy for the Board of Directors shall include, in addition to the name, address, and national ID number of the candidate, information on the candidate's primary occupation, other board memberships, education, experience, and share capital holdings in the Company. It shall also include information on connections with the main customers and competitors of the Company, as well as connections with shareholders who hold more than 10% in the Company. Information received by the Board concerning candidates for Board membership shall be made available for shareholders' viewing at the Company's offices no later than two days prior to the shareholders' meeting.

- 4.7. Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skal kjósa formann og ákveða verkaskiptingu að öðru leyti.

At the first meeting of a newly elected Board of Directors a Chairman shall be elected and tasks shall be allocated in other respects.

- 4.8. Stjórnarformaður boðar stjórnina til funda og stýrir fundum. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanns eða forstjóra félagsins.

The Chairman of the Board convenes and presides at Board meetings. Meetings shall be held at the discretion of the Chairman. The Chairman shall also convene a meeting of the Board if requested by one member of the Board or the CEO.

- 4.9. Unnt er að halda stjórnarfundum með aðstoð rafræna miðla að svo miklu leyti sem það samrýmist framkvæmd verkefna stjórnar. Krefjist stjórnarmaður eða forstjóri þess skal stjórnarfundur vera haldinn með hefðbundnum hætti.

It is permissible to hold Board meetings with the assistance of electronic media to the extent that this is consistent with the execution of the tasks of the Board. If a Board member or the CEO so demands, a Board meeting shall be held in the conventional manner.

- 4.10. Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir hann. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða lögum. Stjórnin skal halda gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

The presence of the majority of the Board members constitutes a quorum. Important decisions, however, may not be made unless all members of the Board have had the opportunity, if possible, of discussing the matter. Issues shall be decided by a majority vote unless otherwise provided in these Articles of Association or provisions of law. Members of the Board shall keep minutes of proceedings at their meetings and confirm such minutes with their signatures.

- 4.11. Stjórn skal skipa félaginu áhættunefnd, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd, eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Hver nefnd skal skipuð að lágmarki þremur einstaklingum, þar af tveimur stjórnarmönnum félagsins hið minnsta. Starfsmenn félagsins skulu ekki eiga sæti í undirnefndum stjórnar. Nefndarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að sinna þeim hlutverkum sem undirnefndum stjórnar ber að sinna samkvæmt gildandi lögum og reglum. Hver nefnd skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar og skulu þær staðfestar af stjórn.

The Board shall appoint a Risk Committee, an Audit Committee and a Remuneration Committee for the Company no later than one month after the Company's annual general meeting. The Board shall appoint at least three individuals for membership of each committee, thereof at least two Board members. It is not permitted to appoint employees of the Company to any committee. Members shall have the necessary experience and knowledge for each committee's tasks according to applicable laws and rules. Each committee shall incorporate procedural rules that shall be confirmed by the Board of Directors.

5. FORSTJÓRI CEO

- 5.1. Stjórn ræður forstjóra, einn eða fleiri. Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn félagsins hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn félagsins, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

The Board shall hire the Company's CEO, one or more. The CEO has charge of the day-to-day operations of the Company, and in this respect he/she shall observe the policy and directions of the Board of Directors. Day-to-day operations do not include measures which are unusual or extraordinary. Such measures may only be made by the CEO pursuant to special authorisation from the Board of Directors of the Company unless it is impossible to wait for the decisions of the Board of Directors without causing a serious disadvantage for the Company's operations. In such cases, the Board of Directors shall be notified of the measures without delay.

- 5.2. Forstjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Honum ber að veita endurskoðendum þær upplýsingar sem þeir telja nauðsynlegar vegna starfa síns.

The CEO shall ensure that the accounts of the Company are kept in accordance with statutory law and accepted practices and that the handling of the property of the Company is secure. The CEO is required to provide information to the Company's Auditors as considered necessary to discharge their functions.

- 5.3. Forstjóri ræður og segir upp starfsmönnum félagsins.

The CEO shall hire and lay off employees of the Company.

6. REIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN ACCOUNTING AND AUDITING

- 6.1. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Á hverju reikningsári skal semja ársreikning félagsins og skal hann gerður í samræmi við ákvæði laga.

Endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki skal kjósa á aðalfundi félagsins til a.m.k. eins árs, þó ekki lengur en til tíu ára.

The fiscal year of the Company shall be the calendar year. An annual financial statement of the Company shall be prepared each fiscal year in compliance with the provisions of statutory law.

An auditor or auditing firm shall be elected for a term of at least one year and no longer than 10 years at the Annual General Meeting of the Company.

7. BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM FÉLAGSINS AMENDMENTS TO THE COMPANY'S ARTICLES OF ASSOCIATION

- 7.1. Samþykktum félagsins má breyta á löglega boðuðum hluthafafundum félagsins, enda sé þess getið í fundarboði, að slíkar breytingar séu fyrirhugaðar og í hverju þær felist í meginatriðum. Með breytingunni þurfa að greiða atkvæði a.m.k. 2/3 hlutar greiddra atkvæða svo og hluthafar, sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

The Articles of Association of the Company may be amended at lawfully convened shareholders' meetings, provided that the notice of the meeting indicates that such amendments are scheduled and outlines the main substance of the amendments. An amendment takes effect only if approved with at least 2/3 of the votes casted and by shareholders controlling at least 2/3 of the shares in the Company represented at the meeting.

- 7.2. Ákvæðum samþykktá þessara um atkvæðisrétt hluthafa og jafnrétti þeirra á milli verður þó ekki breytt nema með samþykki allra þeirra hluthafa sem sæta eiga réttarskerðingu, sbr. 3. mgr. 94. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

However, the provisions of these Articles of Association regarding the voting rights of shareholders and equality among them cannot be amended except with the consent of all the shareholders who are subject to the curtailment of rights, cf. paragraph 3 of Article 94 of the Act on Public Limited Liability Companies No. 2/1995.

8. SLIT Á FÉLAGINU OG SAMRUNI **DISSOLUTION OF THE COMPANY AND MERGER**

- 8.1. Samþykki hluthafa er ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins þarf fyrir slitum á félaginu, sem og samþykki Fjármálaeftirlitsins. Fundur sá sem samþykkir á lögætán hátt að slíta félaginu, kveður og á um hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslu skulda, sbr. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og XIII. kafla laga um hlutafélög nr. 2/1995.

The approval of shareholders controlling at least 2/3 of the total share capital of the Company is required for the dissolution of the Company, as well as the approval of the Financial Supervisory Authority. Any meeting lawfully approving the dissolution of the Company shall provide directions on the disposal of the Company's assets and the payment of its debts pursuant to Chapter XIII of the Act on Public Limited Liability Companies No. 2/1995.

- 8.2. Um samruna félagsins við önnur félög fer eftir (i) XIV. kafla laga um hlutafélög nr. 2/1995 og (ii) XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Merger of the Company with other companies is subject to (i) Chapter XIV of the Act on Public Limited Liability Companies No. 2/1995 and (ii) Chapter XII of the Act on Financial Undertakings No. 161/2002.

9. ÖNNUR ÁKVÆÐI **OTHER PROVISIONS**

- 9.1. Þar sem ákvæði samþykktá þessara segja ekki til um hvernig skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995 og laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 eftir því sem við á.

Where these Articles of Association provide no directions, the provisions of the Act on Public Limited Liability Companies No. 2/1995 and the Act on Financial Undertakings No. 161/2002 shall apply, as applicable.

- 9.2. Bráðabirgðaákvæði við samþykktirnar, sem eru hluti þeirra, koma fram hér á eftir.

Temporary provisions, forming part of these Articles of Association, follow.

- 9.3. Samþykktir þessar eru á íslensku en innihalda enska þýðingu ákvæða. Ef misræmi er á milli íslensks og ensks texta skal íslenski textinn gilda.

These Articles of Association are in Icelandic and include an English translation. In the event of a discrepancy between the Icelandic text and the English translation, the Icelandic language shall prevail.

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI I¹
TEMPORARY PROVISION I

VIÐ SAMÞYKKTIR KVÍKU BANKA HF. – HÆKKUN HLUTAFJÁR
TO THE ARTICLES OF ASSOCIATION FOR KVÍKA BANKI HF.– SHARE CAPITAL
INCREASE

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins um allt að kr. 400.000.000², með áskrift nýrra hluta. Stjórn félagsins skal ákveða nafnverð nýrra hluta, gengi og greiðslukjör. Stjórn félagsins er jafnframt heimilt að ákveða að greiða megi fyrir hlutina með öðru en reiðufé. Frestur til notkunar þessarar heimildar er fimm ár og rennur út þann 15. mars 2022. Heimild þessari verður aðeins beitt með einróma ákvörðun stjórnarmanna á lögsmætum stjórnarfundi. Hluthafar hafa ekki forgangsrétt til áskriftar að hinum nýju hlutum heldur ákveður stjórn hverjir geta skráð sig fyrir þeim. Stjórn félagsins getur sett nánari skilmála um tilhögun áskriftar í samræmi við ákvæði samþykka félagsins. Hina nýju hluti má selja og veðsetja með sama hætti og eldri hluti í félaginu. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar.

